



Asfalttankar Vegagerðarinnar: Allir tankar

Neyðar- og viðbragðsáætlun

Formáli

Vegagerðin er með viðbragðsáætlun ef neyðaratvik skyldu verða. Allir fastir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið hjá Rauða Krossi Íslands. Starfsmenn eru með gild skírteini um að þeir hafi farið á skyndihjálparnámskeið.

Mannauðsstjóri fylgist með að starfsmenn fari á skyndihjálparnámskeið.

Skyndihjálparveggspjaldið er hengt upp í eftirfarandi deildum:

- ✓ Þjónustustöð Ísafirði
- ✓ Þjónustustöð Sauðárkróki
- ✓ Þjónustustöð Reyðarfirði



Getur þú hjálpað þegar á reynir

Viðbragðsáætlun er í þremur skrefum:

1. **Tryggja öryggi.** Meta ástand hins slasaða og meta hvort um lífshættulegt ástand er að ræða.
2. Kalla á hjálp – **hringja í 112.**
Taka fram hvað gerðist.
Hvar slysið varð.
Hver er slasaður og í hvaða ástandi hann er.
Hve margir slösuðust.
3. **Veita fyrstu hjálp.**



Asfalttankar Vegagerðarinnar: Allir tankar
12.05.03 Asfalttankar Neyðar- og viðbragðsáætlun

Alls ekki slökkva bruna asfalts með vatni

VÍÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA SLYSA OG ÓHAPPA FYRSTU AÐGERÐIR

Fyrsti maður á vettvang.

1. Tryggja öryggi.

- Tryggja eigið öryggi, öryggi annarra og hins slasaða.
- Hvað gerðist, ÁVERKAR, VEIKINDI, UMHVERFI.
- Fjöldi slasaðra, hjálparlið, búnaður, forgangur.

2. Hringja í 112.

- Hringja í 112 eftir sjúkrabíl, slökkviliði eða lögreglu.
- Lýsa nákvæmlega hvaða aðstoð þarf að berast og hvert.
- Sækja hjálp.

3. Veita FYRSTU HJÁLP.

- Öndun, tryggja öndun sjúklings (blástursaðferð ef með þarf).
- Blóðrás, tryggja blóðrás (hjartahnoð) og stöðva meiriháttar blæðingar.
- Taugakerfi, stuðningur við háls og hrygg, meðvitund.

Yfirverkstjóri

4. Tryggja vettvang. Senda eftir hjálparliði (ef til staðar). Ekki hreyfa við öðru en nauðsynlegt er til að tryggja staðinn. Sjá til þess að einhver taki á móti bílum neyðaraðstoðar og tryggja að þeir eigi greiða leið á staðinn.

5. Annast hinn slasaða. Deildarstjóri og hjálparliði (ef til staðar) skulu annast hinn slasaða og veita fyrstu hjálp þar til fagaðilar koma.

6. Fylgja hinum slasaða. Tilnefna aðila til að fylgja hinum slasaða á sjúkrahús. Ganga úr skugga um nafn og kennitölu hins slasaða ásamt síma og heimilisfangi.

7. Tilkynna öryggisverði um slysið.

NEYÐARSÍMANÚMÉR:112

Gefið nákvæmlega upp:

Hver hringir Hvað hefur gerst Hvar óhappið er